



Ljósmynd/Vímulaus æska

**Stofnun** Á stofnfundinum var Vigdís Finnbogadóttir, þá forseti Íslands. Við hlið hennar situr Bogi Arnar Finnbogason, fyrsti formaður samtakanna.

# Samtökin Vímulaus æska 30 ára

## ● Fjölbreytt starfsemi og stuðningur

Á þessum degi fyrir 30 árum, 20. september 1986, voru landsamtökin Vímulaus æska formlega stofnuð að viðstöddu fjölmenni í Háskólabíói. Meðal gesta á stofnfundinum var Vigdís Finnbogadóttir, forseti Íslands, og að stofnun samtakanna stóðu foreldrar sem tóku höndum saman um að sporna við vímuefnaneyslu ungmenna.

Á fyrsta ári samtakanna var ýmsu komið á legg, m.a. Foreldrasímanum sem hefur verið opinn all-  
ar götur síðan. Nokkrum vikum síð-

ar var rekstur samtakanna tryggður í fyrstu landssöfnuninni sem útvarpsstöðin Bylgjan, sem þá var nýstofnuð, stóð fyrir.

Árið 1999 setti Vímulaus æska á stofn Foreldrahús þar sem starfsemi samtakanna er nú til húsa og bjóða nú samtökin m.a. upp á námskeið og stuðningshópa fyrir börn, unglinga og foreldra og veita fræðslu í skólum.

Á næstu vikum verður tímamótanna minnst með ýmsum hætti, að því er segir í fréttatilkyningu.